19. gr.

Veðdeildinni er stjórnað af bankastjórn Alþýðubankans hf. og reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum bankans.

20. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 2. mgr. 28. gr. reglugerðar nr. 330 24. nóvember 1972 fyrir Alþýðubankann hf., sbr. reglugerð nr. 119 13. apríl 1973, um breyting á þeirri reglugerð, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 7. mars 1974.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

21. mars 1974. Nr. 110.

# GJALDSKRÁ

## fyrir Rafveitu Akureyrar.

### I. RAFORKA

Rafveita Akureyrar selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

### A. Lýsing.

A—1 Kr. 18.15 hver kWst. til lýsingar.

A—2 Kr. 5.31 hver kWst. til lýsingar auk fastagjalds, er nemi kr. 2 691.00 á ári fyrir 25 $m^2$ gólfflöt, eða minna af gólffleti af rúmi því, er lýsa skal, og kr. 79.00 fyrir hvern ferm. umfram 25 $m^2$.

Þennan gjaldskrárlið má nota í verslunum fyrir kæliskápa og 1-fasa mótora upp að 3 kW og greiði notandi aukagjald fyrir hvert kW, sem svarar til gjalda fyrir 38 fermetra gólfflatar.

### B. Almenn heimilisnotkun.

B—1 Um tvo kWst.-mæla, annan til ljósa, hinn til suðu og hitunar. Kr. 18.15 hver kWst. til ljósa og kr. 4.16 hver kWst. til suðu og hitunar.

B—2 Kr. 3.46 hver kWst. til heimilisnotkunar. Auk þess greiðist fastagjald kr. 27.00 á ári af hverjum fermetra gólfflatar íbúðar. Við útreikning á gólffleti skal telja öll herbergi og eldhús, enn fremur ganga, baðherbergi, geymslur og bílskúra.

B—3 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar. Kr. 3.43 hver kWst. og fastagjald ákveðið af stjórn Rafveitu Akureyrar.

### C. Vélanotkun.

C—1 Kr. 8.77 hver kWst. til iðnaðar.

C—2 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartíminn er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 895.00 hvert kW upp að 50 kW og kr. 1.49 hver kWst. fyrir fyrstu 200 000 kWst. ársnotkun.

C—3 Um mestastraumsmæli, ef um meira en 50 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári, kr. 2 568.00 hvert kW, sem er fram yfir 50 kW og kr. 1.39 hver kWst. sem er umfram 200 000 kWst.

C—4 Kr. 5.15 hver kWst., ef um meira en 30 kW er að ræða og notkunartími er meiri en 1000 klst. á ári.

C—5 Kr. 5.39 hver kWst., fyrir búrekstur.
C—6 Sértaxti Gefjunar, kr. 0.67/0.60 hver kWst. og kr. 5.476.00 hvert kW.
C—7 Sértaxti Iðunnar, Gufuketill kr. 0.90 hver kWst.

### D. Hitun.

D—1 Kr. 1.27 hver kWst., til upphitunar, ef straumur er rofinn í allt að þrjár klst. á dag á tímum mesta álags rafveitunnar, en þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
D—2 Kr. 1.72 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—3 Kr. 1.00 hver kWst. til upphitunar um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
D—4 Kr. 0.74 hver kWst. til upphitunar (næturhitun), ef straumurinn er rofinn á tímabilinu kl. 8 til 23.
D—5 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.75 hver kWst. á tímabilinu 1. okt. til 30. apríl.
D—6 Sértaxti Sundlaugar Akureyrar, kr. 0.65 hver kWst. á tímabilinu 1. maí til 30. sept.

### E. Hitun í iðnaði.

E—1 Kr. 2.35 hver kWst. til iðnaðarhitunar, enda sé lágmarksnotkun 10 000 kWst. á ári.
E—2 Kr. 3.03 hver kWst., um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 8 til kl. 23.
E—3 Kr. 1.49 hver kWst., um tvígjaldsmæli, á tímabilinu kl. 23 til kl. 8.
E—4 Kr. 1.77 hver kWst. til súgþurrkunar.
F—1 Sértaxi Málmhúðunarinnar, kr. 1.60 hver kWst. til iðnaðar.

*Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

a. Að vélaafl götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b. Að notandi kosti tengingu stjórntækis fyrir hitalögnina og greiði leigu fyrir það samkvæmt reglum, er gilda um leigu mæla.
c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerðar samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir og hitastillar notaðir.

### Önnur notkun.

1. Rafveitustjórn getur, með sérstökum samningi, selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf, að dómi rafveitustjóra.
2. Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.
3. Gjald fyrir götu- og hafnarlýsingu ákveður bæjarstjórn.

## II. MÆLALEIGUR

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælitækinu samkvæmt eftirfarandi skrá:

| | Upp að 30 Amp. kr. | 35—50 Amp. kr. | 50—100 Amp. kr. | 100—500 Amp. kr. | Yfir 500 Amp. kr. |
|---|---|---|---|---|---|
| 1-fasa kWst.-mælar .......... | 266.00 | 327.00 | 357.00 | | |
| 3-fasa kWst.-mælar .......... | 450.00 | 689.00 | 889.00 | 1 481.00 | 3 257.00 |
| Tvígjalds og mestastr.-mælar . | | 889.00 | 1 481.00 | 2 384.00 | 4 775.00 |
| Skiptirofar/skiptiklukkur ... | 1 137.00 | | | | |

Af öðrum tækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal leigan vera sem næst 15% af mælitækisverðinu, og semur rafveitustjóri nánari skrá um leiguna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. OPNUNARGJALD

Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar, kr. 200.00. Enn fremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI

a) Sértaxtar hækka hlutfallslega eins og þeir taxtar, sem þeir byggjast á.
b) Söluskattur er innifalinn í verðinu, svo og gjöld skv. lögum nr. 4 27. febrúar 1974 og lögum nr. 5 28. febrúar 1974.

Gjaldskrá þessi er samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Akureyrar nr. 33. 25. janúar 1974.

*Iðnaðarráðuneytið, 21. mars 1974.*

**Magnús Kjartansson.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

25. mars 1974. Nr. 111.

## AUGLÝSING

### um skipulag í Lýtingsstaðahreppi í Skagafirði.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Lýtingsstaðahrepps í Skagafirði að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. mars 1974.*

F. h. r.
**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*

26. mars 1974. Nr. 112.

## AUGLÝSING

### um gjaldskrá fyrir þjónustu Loftferðaeftirlits flugmálastjórnar.

1. **Skoðunargjöld loftfara.**
   1.1 Skoðunargjöld vegna skrásetningar eða ársskoðunar loftfara miðast við skráðan hámarks-flugtaksþunga þeirra.